

Menntaskólinn við Hamrahlíð FRA 1CC05

Undanfari FRA 1BB05

### Áfangalýsing

Viðfangsefni undanfaranna eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun, þar sem fléttað er inn í kennsluna menningu frönskumælandi landa. Orðaforðinn er aukinn og ný málfræðiatríði þjálfuð. Til að æfa þessi atriði er hægt að taka mið af eftirfarandi:

- Daglegt líf fólks, menning og frásagnir
- Tímstundir og frítími, hátíðir, ferðalög
- Umhverfi, skipulag, lífshættir

### Áfangamarkmið

Skilningur:

a. Hlustun: Nemandi skilur: aðalatriði í samtali tveggja eða fleiri aðila á frönsku þegar rætt er um almenn og sértæk efni sem og frásagnir um efni sem hann kannast við þegar talað er skýrt og greinilega

b. Lestur: Nemandi skilur: aðalatriði í blaðagreinum og textum um almennt og sérhæfðara efni sem tengjast efni áfangans og / eða persónulegu áhugasviði hans, helstu upplýsingar, t.d. með því að skima texta, t.d. með lestri bæklinga, bréfa, dagblaða, vefsíðna og fleira, einnig söguþráð í einföldum eða einfölduðum bókmenntatexta

Talað mál

a. Samræður: Nemandi getur: sagt hvað honum líkar eða mislíkar, tjáð samþykki eða ósamþykki og borið saman ólík atriði, aðstæður, fólk o.fl., rætt við aðra um liðna atburði og áform

b. Frásögn: Nemandi getur: sagt frá liðnum atburðum og persónulegri reynslu, sagt frá framtíðaráformum, endursagt munnlega stuttan ritaðan texta, haldið stutta kynningu á fyrirfram undirbúnu efni

Ritun:

Nemandi getur: lýst ýmsu sem snertir daglegt líf og menningu, skrifað einfalda texta sem snerta þemu áfangans, skrifað um reynslu sína og endursagt liðna atburði